

Nd.

57. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 30, 20. okt. 1913, um umboð þjóðjarða.

Frá allsherjarnefnd.

Frumvarp þetta höfum vjer nefndarmenn athugað og lítum svo á, að breyting sú á nefndum lögum, er frv. fer fram á, geti eigi talist nauðsynleg; miklu fremur verður að álíta, að með framkvæmd gildandi laga fáist nánara eftirlit með eignum hins opinbera, bæði að því, er ræktun lóða eða stærri jarðeigna snertir og hagfelda skiftingu á þeim, eftir kringumstæðunum á hverjum stað.

Hvað þóknun til umboðsmannsins snertir, gerir frv. ráð fyrir, að hún verði 10% af eftirgjöldunum, eða með öðrum orðum 4% hærri en til hreppstjóra, og væri að vísu ekkert um það að segja, fengist með því nokkur frekari trygging um það, að umsjón á þessum eignum ríkissjóðs og afgjöldum af þeim væri þá betur borgið; en sem sagt verður þetta ekki sjeð, og að verja fje að óþörfu, þótt í smáum stíl sje, getur ekki talist hyggilegt.

Vjer leyfum oss því að leggja á móti samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 23. febr. 1921.

Sigurður Stefánsson,
formaður, með fyrirvara.

Stefán Stefánsson,
ritari og framsm.

Björn Hallsson,
fundaskrifari.

Pjetur Ottesen.

Einar Þorgilsson.